

Nr. 30/1881

Rjettvísing

gegn

Jóhanni Árnasyni, Bjarna

Vegesti Jakobssyni og

Jóhanni Jóhannesarsyni.

Dómur:

Með dómi, kveðnum upp fyrir aukarjetti Ísafjarðarsýslu 13. dag júnímán. 1881, voru þeir Jóhann Árnason, Bjarni Vegestur Jakobsson og Jón Jóhannesarson dæmdir fyrir þjófnað og meðverknað til þess glæps, hinir 2 fyrst nefndu í 8 mánaða betrunarhússvinnu, en hinn síðast nefndi til fangelsis við vatn og brauð í 2 × 5 daga. Svo eru þeir og dæmdir til að greiða hver um sig varðhaldskostnað sinn, en allir in solidum allan annan af málinu löglega leiðandi kostnað og þar á meðal málsvarnaraun til hins skipaða svaramanns þeirra í hjerði.

Þessum dómi hafa hinir ákærðu Bjarni Vegestur Jakobsson og Jóhann Árnason skotið til yfirdómsins, en að því Jón Jóhannesarson snertir, er honum áfrýjað af hálfu hins opinbera.

Það er í máli þessu með eigin játningu hinna ákærðu Bjarna Jakobssonar og Jóhanns Árnasonar og öðrum skýrslum, sem fengizt hafa undir rekstri þess, löglega sannað, að þeir síðari hluta sumars 1880, þegar þeir voru hásetar hjá Ólafi nokkrum Jónssyni, er rjeri í Bolungarvík, hafi eptir samkomulagi sín á milli framið þá þjófnaði, er nú skal greina:

- 1) stálu þeir úr læstum hjalli Pálma Lárentíussonar frá Hóli 2 sauðskinnum og 1 kálfskinni,

- 2) úr hjalli Sigurðar Þórarinnssonar frá Hóli 1 sauðskinni og nokkru af riklingi og hákarli,
- 3) úr verbúð Gísla Bjarnasonar frá Ármúla nokkru af mjöli, sem Jóhann Jónsson á Hanhóli átti,
- 4) úr hjalli Hálfðans Örnúlfssonar riklingi, og
- 5) úr hjalli Jóns Jónssonar frá Ytribúðum nokkru af hákalli.

Í hinum 2 síðast nefndu stuldum var ákærði Jón Jóhannesarson eptir eigin játningu þeim samsekur, eins og hann líka var með þeim til að brjótast inn í læsta verbúð Hálfðans Örnúlfssonar, er þeir fóru inn í í þeim tilgangi að stela þar, þótt ekki yrði af því. Ennfremur hefur hinn ákærði Bjarni Jakobsson úr hjalli Hálfðans Örnúlfssonar stolið olíubuxum og klossum (trjeskóm) og Jóhann Árnason olíustakk, eins og hann líka hefur tekið til sín og hagnýtt sjer nokkuð forna brók, er hann kveðst hafa fundið niður við sjó. Hin stolnu skinn, oliustakkurinn, olíubuxurnar og klossarnir, eru fengnir aptur rjettum eigendum, og hefur þetta allt verið virt á 8 krónur.

Matvæli þau, er þeir stálu, hafa ekki verið virt, og ekki hefur þeim, er þau misstu, verið dæmt neitt endurgjald fyrir, þótt sumir þeirra hafi krafizt þess, heldur hefur þeim verið geymdur rjettur í þessu tilliti.

Hinir ákærðu hafa náð þýfinu sumpart með því að fara inn um glugga á húsunum, sumpart með því að brjóta spela úr hjöllunum, eða draga þá af nöglum, sumpart með því að seilast inn milli rimla. Í húsunum bjó enginn.


Þessi brot hins ákærða Jóhanns Árnasonar, sem

er fæddur 19. júlí 1856, og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neitt afbrot, á undir 230. og 231. gr. 4. tölul. hegningarlaga, 46., 48. og 249. gr., sbr. 63. gr. sömu laga, og virðist hegning sú, sem hann hefur til unnið, hæfilega ákveðin 1 árs betrunarhússvinna. Brot hins ákærða Bjarna Jakobssonar, sem er fæddur 18. febr. 1857, og ekki áður hefur sætt hegningu fyrir neitt afbrot, ber að heimfæra undir 231. gr. 4. tölul. hegningarlaga, 46., 48., 230., sbr. 63. gr. sömu laga, og virðist hegning hans hæfilega ákveðin 1 árs betrunarhússvinna.

Hinn ákærði Jón Jóhannesarson, sem er kominn langt yfir lögaldur sakamanna, og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neitt afbrot, ber að heimfæra undir 230. gr. sbr. 46., 48. og 63. gr. hinna almennu hegningarlaga, og virðist hegning hans hæfilega ákveðin 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Hinum ákærðu ber hverjum fyrir sig að greiða allan af varðhaldi sínu löglega leiðandi kostnað, en allan annan löglegan kostnað af sökinni í hjeraði greiði hinir ákærðu allir fyrir einn og einn fyrir alla. Svo greiði þeir og sömuleiðis allir fyrir einn og einn fyrir alla allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningsslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóm-inum, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Yfirdómurinn metur það galla á rekstri málsins í hjeraði, að undirdómarinn ekki hefur skoðað hjalla þá, sem stolið var úr, eða aflað sjer annara áreiðanlegra skýrslna um, hvernig þeir voru á sig komnir; *í annan stað* skal það athugað, að undirdómarinn hefur sett hinum ákærðu talsmann og með dóm-



inum gjört þeim að greiða honum 6 kr. í málsvarnarlaun; en með því hann hefur gjört þetta að þeim fornspurðum, verður þeim ekki gjört að skyldu að greiða þetta gjald. *Ennfremur* fær yfirdómurinn ekki betur sjeð, en að vel hefði mátt dæma þeim, er stolið var frá, og þess kröfðust, nokkrar skaðabætur; en með því þetta atriði ekki er svo mikils varðandi, að yfirdóminum þyki ástæða til fyrir þá sök að ónýta málið, verður að standa við það, sem komið er, og að geyma þeim rjett sinn til skaðabóta óskertan. Að öðru leyti hefur málið verið rekið með tilhlýðilegum hraða.

Sókn og vörn þess við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir ákærðu Jóhann Árnason og Bjarni Vegestur Jakobsson eiga að sæta 1 (eins) árs betrunarhússvinnu hvor um sig. — Hinn ákærði Jón Jóhannesarson á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 2 × 5 daga. Svo ber þeim og hverjum um sig að greiða varðhaldskostnað sinn, en allan annan löglegan málskostnað í hjeradi greiði þeir allir fyrir einn og einn fyrir alla. Loks greiði þeir allir fyrir einn og einn fyrir alla allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Þorsteins Jónssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors þeirra. Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.